

Hornafjarðarmanni

Efnt verður til spilakvölds í Hornafjarðar-
manna fimmtudaginn 5. nóvember 2009
kl. 20:00 í Skaftfellingabúð.

Boðið verður upp á léttar veitingar í hléi.
Aðgangseyrir kr. 1.000.



Nú á haustmánuðum eru fram undan heljarins matarveislur af ýmsum toga á
Icelandairhotel Klaustri þar sem Sigurður Daði Friðriksson matreiðslumaður
hótelins fer létt með að töfra fram hvern réttinn á fetur öðrum.

Villibráðarhlaðborð.

Laugardagskvöldin 7. nóvember, 14. nóvember og 21. nóvember
verðum við með okkar margrómuðu villibráðarveislur þar sem
hlaðborðið svignar undan kræsingunum.

Verð pr. mann með dansleik er kr. 6.990

Gisting í tveggja manna herbergi, morgunverður af hlaðborði og
villibráðarveisla kr. 13.110 pr mann.

Jólamatseðill.

Laugardagskvöldin 5. desember og 12. desember bjóðum við síðan
upp á fjölbreyttan jólamatseðil og verðum þá að vanda "rólegum
og rjomantískum nótum" hér á Hótel Klaustri!"

Nánar auglýst síðar.

Á Hótel Klaustri tökum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á
árshitið, gleðjast með starfsfélögum, saumakúbbnum eða vinahópnum, halda
upp á afmæli þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drukk.

Gerum tilboð í hóp – og svo verða sérkjör á gistingu ofangreindar helgar í
tengslum við þessar veislur.

Hlökkum til að heyrna frá ykkur.
ICELANDAIR HOTEL KLAUSTUR
sími 487 – 4900.

Aðventustund

Skaftfellingafélagið og Söngfélagið standa fyrir aðventustund
sunnudaginn 6. desember 2009

kl. 15:00 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Söngfélagið syngur nokkur jólalög, bornar verða fram
kaffiveitingar og gengið í kringum jólatré.

Aðgangseyrir kr. 1000

Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 26. nóvember
verður myndasýning í Skaftfellingabúð
Sýnd verður kvikmyndin **Ljósaveisla**,
sem er heimildarmynd um það hvernig
nokkrir óskólagengnir bændur og
bændasynir í Vestur Skaftafellssýslu
unnu það einstaka þrekvirki á fyrstu
áratugum 20. aldarinnar að framleiða
vatnsknúna rafstöðvar heima í
afskekktum sveitum og setja fjölda
þeirra upp víðsvegar um land.

Eftir hlé sýnir Snævarr Guðmundsson
(www.natturumyndir.com)
landslagsmyndir úr flugi og
gönguferðum úr Skaftafellssýslum.

Seldar verða léttar veitingar í hléi.

<http://skaft.is>

Félagsmenn eru hvattir til að kynna
sér heimasíðu félagsins og skrifa í
gestabókina sem þar er að finna.
Ný og breytt netföng skal senda á;
skaft@skaft.is

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á
skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón
Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087.

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2009

Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

- **Kennsla og spil**
í Hornafjarðarmanna
í Skaftfellingabúð
fimmtudag kl. 20
5. nóvember 2009

- **Öræfaball**
í Skaftfellingabúð
laugardag, kl. 20
14. nóvember 2009

- **Myndakvöld**
í Skaftfellingabúð
fimmtudag kl. 20
26. nóvember 2009

- **Aðventustund**
í Skaftfellingabúð
sunnudag kl. 15
6. desember 2009

- **Sumarskál**
Hellismannaleið
Guðrún Arnarsdóttir

- **Söngfélagið**
í Skaftfellingabúð
Söngæfingar
öll þriðjudagskvöld kl. 20

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Fýlaveisla

Hin feyki vinsæla fýlaveisla verður í Skaftfellingabúð
fyrsta vetrardag,

laugardaginn 24. október 2009

og hefst með borðhaldi kl. 20.
Húsið verður opnað upp úr kl. 19.

Að venju verður borinn fram saltaður fjyll úr Mýrdalnum,
veiddur og verkaður af Sigurjóni Rútssyni og tengda-
foreldrum hans í Prestshúsum. Meðlæti er að venju
þórisholtsrófur og annað hefðbundið. Einnig verður
boðið upp á hangikjöt, flatkökur og smér.

Hljómsveitin Tónabræður frá Vík hleypir upp stuðinu að
loknu borðhaldi og skipta með sér verkum við
Víkarahljómsveitina Granít.



Miðapantanir til og með 22. október hjá
Hákoni (821 2115) Helga (899 4818) Stefáni (822 8895)

Aðgangur kr. 4.500

Athugið að síðast varð uppselt

Öræfaball

Laugardaginn 14. nóvember er ætlunin að hafa „ball í fundarhúsinu“ í Skaftfellingabúð að Laugavegi 178. Hugmyndin er að „börn“ sem hafa verið í sveit í Öræfum og sem flestir Öræfingar, heima og að heiman, hittist þar og rifji upp gamla góða daga. Að sjálfsögðu eru makar einnig velkomnir. Dagskráin verður í anda liðinnar tíðar og sem mest í ykkar eigin höndum. Sýndar verða myndir úr sveitinni, sagðar stuttar reynslu- og skemmtisögur. Harmonikkur og gítar spila undir dansi. Seldar verða veitingar á hóflegu verði. Miðaverð kr. 1000.

Ævisaga skóla- og sandgræðslustjóra- hjónanna Runólfs Sveinssonar og Valgerðar Halldórsdóttur

Í október kemur út veglegt rit um frumkvöðlana Valgerði Halldórsdóttur skólastýru og Runólf Sveinsson skóla- og sandgræðslustjóra frá Ásum í Skaftártungu. Bókin fjallar um embættis- og ævistörf þeirra og kemur út þegar eitt hundrað ár verða liðin frá fæðingu Runólfs. Hann var skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri frá 1936 til 1947 og sandgræðslustjóri frá 1947 til 1954. Valgerður ólst upp á Hvanneyri, var skólastýra Húsmæðraskólans á Laugalandi í Eyjafirði og síðar húsmóðir á Hvanneyri og í Gunnarsholti. Þau störfuðu því á miklum umbótatímum í íslenskum landbúnaði og við teljum að ritun lífsferils þeirra og embættis-sögu þessara merku hjóna hafi hlutverki að gegna og eigi erindi til margra.

Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur ritar söguna. Bókin verður seld í helstu bóka-verslunum. Áætlað söluverð er kr. 7.500.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2009-2010

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	693 7425	armann@verktaki.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@teknik.is
Stefán Bjarnason	565 3919	822 8895	stefan@seltjarnarnes.is

Varamenn

Edda Sigurðís Oddsdóttir, Hákon Jón Kristmundsson og Jón Geir Birgisson.

Skálm

Nú hafa Skálmarmar reimt á sig skóna og ganga á **miðvikudögum kl. 19:30 (70 mín)** og á **laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)**

Á miðvikudagskvöldum verður haldið sama striki og áður, gengið frá Lækjarási, þjálfunarstofnun, Stjórnugróf 7 upp að Árbæjarlaug og niður Rafstöðvarveg. Á laugardögum verður gengið í Heiðmörkinni, frá Furulundi/Grenilundi.

Nokkrir nýir göngufélagar hafa drifið sig af stað og auðvitað tilvalið fyrir alla áhugasama að slást í þennan ágæta hóp hvenær sem hentar best.

Félag um sögu og minjar

Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi var stofnað 21. september 2009. Tilgangur félagsins er að stuðla að varðveislu menningarverðmættra í Skaftárhreppi. Fyrsta verkefni félagsins verður að hlúa að gamla verslunarhúsinu við Skaftárós, sem hin síðari ár hefur gegnt hlutverki neyðarskýlis, en nú hefur lokið því hlutverki sínu. Ætlunin er að gera húsið upp setja þar upp litla sýningu um menningar-, verslunar- og björgunarsögu þess, og koma salernisaðstöðu fyrir. Félagið er opið öllum áhugasömum og fara þeir sem gerast stofnfélagar fram að næsta aðalfundi á stofnfélagalista. Árgjald þessa árs er kr. 10.000. Nauðsynlegt er að ná inn fjármagni til að komast af stað, en annarra styrkja verður einnig leitað. Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á fotspor880@gmail.com eða hringja í s. 893 4781/899 4694. Formaður er Ragnar Jónsson.

Skaftfellskar Þjóðsögur

Í nóvember kemur út endurútgáfa á Skaftfellskum Þjóðsögðum og sögnum, en þeim safnaði Guðmundur Jónsson bóndi í Hofelli í upphafi 20. aldar og voru gefnar út ásamt æviágripi árið 1946 af Marteini Skaftfells. Handritið sem varðveist hefur er frá 1911 en það inniheldur allar sagnir, þjóðsögur og ævintýri sem birtast í þessari útgáfu. Þessi útgáfa Skaftfellskra Þjóðsagna er talsvert frábrugðin fyrri útgáfu. Sjó ævintýrum er bætt við nýju útgáfuna. Upphaflegu handriti Guðmundar er einnig fylgt eftir í hvívetna sem var ekki raunin við þá fyrri. Einnig var ákveðið að halda sérkennandi orðmyndum sem eru öðruvísi en venjulegt ritmál í dag en nútíma stafsetningu fylgt sem meginreglu. Orðaröð er nánast óbreytt frá handriti Guðmundar. Til viðbótar við upprunalegt handrit varðveittist eintak Einars Ólafs Sveinssonar af bókinni. Fjölmargar myndir prýða bókina. Fjölskylda Egils Jónssonar á Seljavöllum gefur bókina út í minningu hans en hann var hvatamaður að útgáfunni.

Bónorðsför

Maður fór í bónorðsför og bar upp erindið á þessa leið við föður stúlkunnar: „Ég er nú kominn að biðja þig einnar lítillar bónar og er hún sú að gefa mér hana dóttur þína en ef þú nú ekki gerir þessa mína bón þá skal djöfullinn fara í þig og allt þitt hyski.“

Nú vantar mig hana Gunnu mína

Karl einn missti konu sína sem Guðrún hét. Þegar hann var að háttu næsta kvöld á eftir, varð honum að orði: „Nú vantar mig hana Gunnu mína til að jagast við.“

Eins og þú lýsir þér Jórunn mín

Maður nokkur átti konu sem Jórunn hét. Hún var þungað og búin að taka léttasöttina. Ljósan var komin og var Jórunn að tala um líðan sína við hana. Gall hann þá við og segir: „Eins og þú lýsir þér nú Jórunn mín, svo hef ég verið alla þessa viku.“

Sumarskálm Hellismannaleið

Nítján Skaftfellingar skráðu sig í sumarferðina dagana 25.-28. júní sl. Voru Skálmarmar þess heiðurs aðnjótandi að verða fyrsti formlegi gönguhópurinn sem fer Hellismannaleiðina alla eftir að hún var stíkuð. Gönguleiðin er frá Rjúpnavöllum í Landsveit inn í Landmannalaugar og er um 56 km. **Rjúpnavellir- Áfangagil 18 km** Gengið var í umhverfi Heklu, farið var upp með Ytri-Rangá og að upptökum Rangár og þar sjást Fossabrekkur mjög vel, margir fossar sem koma undan hrauninu. Gengið var í vikri og um svartar sandöldur. Farið um gömul hraun s.s. Skjólkvíahraun sem rann 1970 og skoðuð gömul fjárbyrgi í Sölvahraun – þar sem blóm og annar gróður reynir að brjótast fram í annars gróðurlausum jarðvegi. Það var ánægður hópur sem kom í nýja skálann í Áfangagili eftir vel lukkaðan dag þrátt fyrir rigningu meirihlutann af leiðinni. **Áfangagil- Landmannahellir, 22 km.** Gott veður sól, skýjahnoðrar með köflum og hiti mætti okkur næsta morgun. Þegar upp úr Áfangagili var komið sáum við vel yfir til fjallanna sem höfðu falið sig í rigningsarkýjum daginn áður s.s. Heklu sem reyndar faldi sig örliðið ennþá í skýjamistri og enn hafði hún hljótt um sig sem betur fer, Krakatindur, Rauðfossafjöll og Sauðleysur. Athyglisverður kúlumosi og lambgrasabreiður urðu á leið okkar rétt áður en við komumst á vaðið á Helliskvíslinni, en hún er eina áin á leiðinni sem þurfti að vaða. Frá vaðinu var farið yfir Lambafitahraun, sem rann 1913 og er bara ein kindagötuleið yfir það. Eftir göngu var komið í góðan skála við Landmannahelli og þar var gíst í 2 nætur. Sjálfur Landmannahellir er í móbergfellinu Hellisfjalli sunnan Löðmundar og vestan Löðmundarvatns. Um kvöldið var grillað og höfðum við góða kvöldvöku að því búnu. Bættust nú nokkrir í gönguhópin okkar sem komu akandi inn að Landmannahelli og ætluðu að ganga með okkur síðasta daginn inn í Landmannalaugar.

Landmannahellir-Landmannalaugar 16.5 km.

Í algjörlega frábæru veðri lagði hópurinn af stað upp Hellisfjall og meðfram Löðmundi og upp á Dómadalsháls. Þegar Landmannalaugar náguðust varð útsýnið yfir Vondugiljaura og þann fjallahring frá þessu sjónarhorni ógleymanlegt og litaskrúð í fjöllum slík að ekki var með neinu móti hægt að lýsa með orðum, við gjörsamlega féllum í stafi. Litbrigði fjallanna breyttist í hverju skrefi. Áfram var haldið og þurfti að stikla yfir kvíslar á Vondugiljaaurum rétt við Landmannalaugar. Í Landmannalaugum fór meginþorri gönguhópsins í laugina og átti þar góða stund við söng og sögur. Eftir laugabaðið var haldið til baka í Landmannahelli.

Heim var svo haldið á sunnudegi eftir vel heppnaða ferð í frábærum félagsskap.

Brot úr ferðasögu Guðrúnar Arnarsdóttur sem lesa má í heild á heimasíðu Skaftfellingafélagsins; skaft.is